




Framkvæmdafréttir 4. tbl. /20



Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, Vesturlandsvegur - Bæjarháls. Vegarkafli sem nú verður tvöfaldaður. Drónamynd Efla.

Suðurlandsvegur, tvöföldun, Vesturlandsvegur - Bæjarháls

(Texti er unninn upp úr útboðslýsingu)

Tvöföldun Hringvegar (1), Suðurlandsvegar, frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi hefur verið boðin út. Sjá niðurstöður útboðs á bls. 3.

Verkinu er skipt í tvo eftirfarandi verkhluta:

Jarðvinna og vegagerð

Í þessum hluta eru allir verkþættir vegagerðar við tvöföldun Suðurlandsvegar í fjórar akreinar á útboðskaflanum. Um er að ræða uppbyggingu á nýrri eystri akbraut vegarins. Vegrið kemur í austurkanti axlar nýrrar akbrautar og í báðar axlir í miðdeili. Götuýsing og hliðarniðurföll verða sett í miðdeili akbrauta. Skeringar, jarðvegsskipti og gerð stofnlagna við vegstæðið hefur að stærstum hluta verið unnið fyrir mörgum árum síðan.

Við mörk útboðskaflans skal tengja tvöföldun vegarins við núverandi vegyfirborð Suðurlandsvegar og rampa frá Bæjarhálsi.

Steypt undirgöng við Krókháls - lenging

Núverandi undirgöng við Krókháls skal breikka til norðurs og lengja til austurs. Ásýnd ganganna að vestan og austan verður með svipuðu sniði í verklok og nú er, þ.e. bogaformaðir stoðveggir af breytilegri hæð er sveigja frá Krókhálsi frá vestri og eystri gangamunna á báðar hliðar götu. Því skal steypa upp þrjá nýja stoðveggi, einn á norðurhlið við vestri gangamunna og tvo á báðar hliðar götu við eystri gangamunna.

Vegna breikkunar og lengingar ganganna skal í núverandi göngum rífa stoðveggi á norðurhlið við báða gangamunna.

Auk þess skal rífa handrið úr stáli í núverandi undirgöngum og steypant stíg og kantstein í byggingarstæði breyttra ganga.

Utan við sökkla útveggja skal ganga frá jarðvatnslögn og tengja hana við núverandi fráveitukerfi á svæðinu.


Bera skal graffiti vörn á sýnilega steypufleti í göngum og á stoðveggjum. Í göngunum er raflýsing. ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 28. árg. nr. 704 30. apríl 2020

Rittstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Niðurstöður útboða

Suðurlandsvegur (1), tvöföldun Vesturlandsvegur – Bæjarháls 20-023

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Tvöföldun Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi ásamt tengingum við núverandi vegakerfi ásamt lengingu og breikkun á undirgöngum við Krókháls.

Verkið felst í:

- Ljúka við gerð eystri akbrautar Suðurlandsvegur.
- Tengja nýja akbraut í norður og suðurenda við núverandi vegakerfi.
- Hækka brunna og tengja niðurföll við núverandi lagnir, uppsetning ljósastaura og vegriða.
- Lengja og breikka núverandi undirgöng þar sem Krókháls fer undir Suðurlandsveg.

Helstu magntölur eru:

Verkhli 8.01, Jarðvinna og vegagerð

Vegfylling	6.900 m ³
Fláafleygar	2.600 m ³
Ofanvatnsræsi	100 m
Breyting á hæð brunna	20 stk.
Hliðarniðurföll	9 stk.
Styrktarlag	9.000 m ³
Burðarlag	3.750 m ³
Tvöfalt malbik	10.500 m ²
Einfalt malbik	4.600 m ²
Gangstígar	200 m ²
Bitavegrið	3.400 m
Strengur fyrir götulýsingu	1.650 m ²
Uppsetning ljósastaura	30 stk.
Frágangur fláa	18.500 m ²

Verkhli 8.02, Steypt undirgöng við Krókháls - lenging

Brot, rif og förgun á steiptum plötum og veggjum	300 m ²
Mótafletir	1.800 m ²
Steypstyrktarstál	87.000 kg
Steinsteypa	750 m ³
Fylling við steipt mannvirki	700 m ³
Brúarvegrið	50 m
Jarðvatnslagnir	120 m
Vatnsvörn steypu	800 m ²
Vatnsvarnarlag	500 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður			
5	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	491.000.000	100,0	88.927
4	Grafa og grjót ehf., Hafnarfirði	458.936.700	93,5	56.863
3	Háfell ehf., Reykjavík	454.854.370	92,6	52.781
2	Ístak hf., Mosfellsbæ	449.751.100	91,6	47.678
1	Óskatak ehf., Kópavogi	402.073.500	81,9	0

Verktími

- ▶ Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir við undirritun samnings og samkvæmt samþykktari verkáætlun.

Verktaki skal ljúka allri malbikun fyrir 1. september 2020.

Verktaki skal ljúka frágangi endanlegs vegyfirborðs, umferðarmerkja og götulýsingar á öllum vegum sem framkvæmdin tekur þannig að hleypa megi á þá ótakmarkaðri umferð fyrir 15. september 2020.

Verkinu öllu skal vera lokið fyrir 1. nóvember 2020.

Verkið skal unnið í fjórum megin áföngum. Hér að aftan er hverjum áfanga lýst fyrir sig, en lýsingin er þó ekki tæmandi. Ekki má loka á umferð á Suðurlandsvegi á verktímanum.

1. áfangi

Í þessum áfanga er unnið við tvöföldun Suðurlandsvegur, þ.e. gerð eystri akbrautar, frá Krókhálsi að Bæjarhálsi og gerð austasta hluta lengdra og breikkaðra steinsteypra undirganga við Krókháls. Krókháls skal mjökkaður niður í eina akrein í gegnum undirgöngin á byggingartíma þeirra, en tryggja skal gönguleið í gegnum undirgöngin allan framkvæmdartímann.

Þó skal undirgöngum lokað fyrir allri umferð ökutækja og gangandi þegar loftaplata undirganga er steyp.

Umferð um norðurrampa frá Bæjarhálsi inn á Suðurlandsveg skal vera óhindruð í þessum verkáfanga. Í áfanganum er m.a. unnið í hreinsun núverandi vegstæðis, lagfæringu á núverandi bergskeringu á stöku stað. Unnið í lögnum að hliðarniðurföllum, styrktarlagi og efra burðarlagi, götulýsingu og vegriði ásamt malbikun.

Skolp og frárennslislagnir liggja í austurkanti á nýrri akbraut, þá þvera vatnslögn, háspennulögn og fleiri lagnir Suðurlandsveg rétt norðan við Bæjarháls. Ekki á að hrófla við þessum lögnum utan þess að tengja skal lagnir frá hliðarniðurföllum inn á núverandi fráveitulögn.

2. áfangi

Í þessum áfanga er unnið að tengingu nýrrar akbrautar Suðurlandsvegur við núverandi akbraut í norður- og suðurenda framkvæmdasvæðis, og tengingu norðurrampa frá Bæjarhálsi við nýja akbraut. Verktaka er heimilt að loka rampanum í að

hámarki í tvær vikur á meðan hann gengur frá tengingu hans við nýju akbrautina. Einnig er áfram unnið við austasta hluta undirganga við Krókháls og hann kláraður og ný akbraut Suðurlandsvegur lögð yfir þau. Gengið skal endanlega frá vegriði í austurkanti Suðurlandsvegur framhjá undirgöngum í þessum áfanga. Í þessum áfanga skal lokið allri vinnu við vegagerð á nýrri akbraut Suðurlandsvegur og norðurrampa við Bæjarháls, m.a. malbikun, veglýsingu, uppsetningu endanlegra umferðarmerkja og vegvísa.

3. áfangi


Í þessum áfanga er unnið að breikkun núverandi undirganga við Krókháls til norðurs, og sá hluti tengdur við nýjan austari hluta með endanlegu steypuvirki skv. teikningum. Allri vinnu við undirgöng skal lokið ásamt endurgerð núverandi akbrautar Suðurlandsvegur sem þarf að rífa upp vegna breikkunar undirganganna. Öll umferð um Suðurlandsveg er flutt af núverandi akbraut yfir á nýja akbraut Suðurlandsvegur.

4. áfangi

Í þessum áfanga er lokið upprifi og frágangi á þeim hluta núverandi vestur akbrautar sem leggst af í norðurenda framkvæmdasvæðis Jafnframt er unnið í yfirborðsfrágangi utan vega, m.a. í þöku- og hellulögn ásamt sáningu. Öllum verkþáttum verksins skal lokið 1. nóvember 2020, þar með talinn brottflutningur aðstöðu og allur frágangur vinnusvæðis. ■


Kennisnið Suðurlandsvegur - M1:100

Snið-A34, vegur í gjá með vegriði





Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Opnuð hafa verið tilboð í gerð nýs varnargarðs frá Víkurkletti að ströndinni til að verja Vík fyrir Kötluhlaupi. Þessi framkvæmd felur í sér hækkun á Hringvegi (1) á um 420 m kafla sem þverar varnargarðinn. Sjá niðurstöður útboðs.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), varnargarður við Víkurklett 20-038

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Varnargarður við Víkurklett og hækkun á Hringvegi (1).

Helstu magnþölur eru:

Verkhloti: Varnargarður

Grjót	1.830 m ³
Uppgröftur	550 m ³
Fylling	14.120 m ³

Verkhloti: Vegagerð

Hækkun vegar á 420 m löngum kafla milli stöðva 9980 og 10400 á Hringvegi til móts við Víkurklett.

Fylling úr skeringum	335 m ³
Fylling úr námum	1.430 m ³
Fláafleygar	1.100 m ³
Styrktarlag	2.210 m ³
Burðarlag	760 m ³
Klæðing	3.270 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	53.927.000	100,0	9.767
2 Snilldarverk ehf., Riddaragarði	49.350.800	91,5	5.190
1 Framrás ehf., Vík	44.160.360	81,9	0

Yfirlagnir á Norður- og Austursvæði 2020, malbik 20-012

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2020.

Helstu magnþölur:

Norðursvæði:

Yfirlögn	40.326 m ²
Viðgerðir	300 m ²
Fræsing	19.820 m ²

Austursvæði:

Yfirlögn	20.116 m ²
Viðgerðir	200 m ²
Fræsing	3.030 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. september 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	319.967.300	100,0	55.340
3 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	307.230.310	96,0	42.603
2 Finnur ehf., Akureyri	279.888.050	87,5	15.261
1 Malbikun Akureyrar, Akureyri	264.627.550	82,7	0

Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2020, blettanir með klæðingu 20-015

Tilboð opnuð 15. apríl 2020. Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2020, blettanir með klæðingu

Helstu magnþölur á ári eru:

Blettun með einföldu lagi klæðingar	180.000 m ²
Flutningur steinefna	2.100 m ³
Flutningur bindiefna	235 m ³
Bindiefni	235 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. september.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	152.559.000	100,0	41.506
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	123.930.000	81,2	12.877
1 Munck Asfalt a/s, Danmörku	111.053.000	72,8	0

Meðalfellsvegur (461), Brekkur – Möðruvellir 20-019

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Útakstur burðarlags og útlögn klæðingar á Meðalfellsveg (nr. 461-01) á móts við bæina Brekku og Möðruvelli.

Helstu magnþölur eru:

Burðarlag 0/22	2.000 m ³
- Tvöföld klæðing	8.000 m ²

Verklok eru 1. júní 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	22.492.000	114,2	4.088
2 Þróttur ehf., Akranesi	22.272.486	113,1	3.869
--- Áætlaður verktakakostnaður	19.700.000	100,0	1.296
1 Verk og tækni ehf., Selfossi	18.403.750	93,4	0

Efnisvinnsla á Norðursvæði austurhluti 2020 19-108

Tilboð opnuð 14. apríl 20120. Malarvinnsla á Norðursvæði austurhluti 2020, malarlitlag (0/16)

Helstu magnþölur:

Efnisvinnsla í 5 námum á Norðausturlandi	24.000 m ³
--	-----------------------

Verki skal að fullu lokið 1. október 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	91.306.658	100,0	21.377
3 Hólaskarð ehf., Hafnarfirði	75.370.000	82,5	5.440
2 G.V. gröfur ehf., Akureyri	75.180.000	82,3	5.250
1 Skútaberg ehf., Akureyri	69.930.000	76,6	0

Vestmannaeyjar, Básaskersbryggja, uppsetning á fenderum 20-018

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Vestmannaeyjahöfn óskaði eftir tilboðum í uppsetningu á sex fenderum á Básaskersbryggju

Helstu verkþættir eru:

Setja upp 6 stk. forsteyptar undirstöður fyrir skjaldarfendera

Bolta 6 stk. skjaldarfendera á undirstöður

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. júní 2020.

Ekkert tilboð barst.

Viðhald malarvega á Suðursvæði 2020 – 2021. Þjónustustöð í Vík, vegheflun 20-010

Tilboð opnuð 24. mars 2020. Viðhald malarvega á Suðursvæði 2020 – 2021. Þjónustustöð í Vík, vegheflun

Helstu magnþölur á ári eru áætlaðar:

Vegheflun 840 km

Verki skal að fullu lokið 31. desember 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	24.532.000	100,0	3.882
2 Arnar Stefánsson, Rauðalæk	23.356.400	95,2	2.706
1 Snilldarverk ehf., Hellu	20.650.000	84,2	0

Viðhald malarvega á Suðursvæði 2020 – 2021. Þjónustustöð í Hafnarfirði, vegheflun 20-008

Tilboð opnuð 24. mars 2020. Vegheflun á malarvegum á Suðursvæði, þjónustustöð í Hafnarfirði.

Helstu magnþölur á ári eru áætlaðar:

Vegheflun 200 km

Verki skal að fullu lokið 31. desember 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Þjótandi ehf., Hellu	7.689.510	123,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.246.000	100,0	-1.444

Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði 2020 20-013

Tilboð opnuð 31. mars 2020. Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði 2020.

Hjólafarafylling með flotbiki: 113.000 m²

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	145.187.700	100,0	6.045
1 Arnardalur sf., Kópavogi	139.143.000	95,8	0



Hornafjarðarós

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Á síðustu öld áttu sér stað mikil umbrot í Hornafjarðarós með um 10 til 15 ára millibili, síðast veturinn 1989 til 1990 þegar meira en hálf milljón rúmmetra af sandi fyllti Ósinn og hann lokaðist siglingum um tíma. Þá rofnaði Suðurfjörutangi frá Hvanney og sjór flæddi þar yfir. Í framhaldi af þessum umbrotum voru settar af stað rannsóknir sem leiddu til byggingar mannvirkja í þremur áföngum til að „festa“ Ósinn, gera hann stöðugan og koma í veg fyrir að hann lokaðist siglingum.

Fyrst var byggður sjóvarnargarður á Suðurfjörutanga út í Hvanney árið 1991. Annar áfangi var bygging brimvarnar- og straumleiðigarðs á enda Austurfjörutanga árin 1994 og 1995. Þriðji og síðasti áfanginn var bygging sandfangara út í Þinganesker árið 2004. Þessar framkvæmdir hafa skilað þeim árangri að Ósinn hefur haldist stöðugur síðan og siglingar um hann verið óhindraðar.

Þar sem nú kreppir skóinn fyrir siglingar um Ósinn er dýpið yfir Grynnslin. Það er nokkuð breytilegt milli ára og þá er það breytilegt hvar dýpsta innsiglingarleiðin liggur yfir Grynnslin, næst Hvanney eða austur með straumbandinu. Reglulega er fylgst með dýpinu með dýptarmælingum. Sveiflur í dýpi orsakast af sandi sem berst inn á Grynnslin, annað hvort úr vestri undan suðvestanáttinni eða úr austri undan suðaustanáttinni. Eftir stór efnisskot úr annarri hvorri áttinni getur það tekið nokkra mánuði fyrir nátturuöflin að ná nokkurs konar jafnvægisdýpi á Grynnslnum.

Þegar tenging Suðurfjörutanga við Hvanney er skoðuð þá má segja að þar séu ekki fyrir hendi aðstæður sem taka við miklum sandi í suðvestan áttum án þess að sandurinn haldi beint áfram til austurs og inn á Grynnslin. Slik fyrirstaða er hins vegar fyrir hendi að austanverðu þar sem garðurinn út í Þinganesker getur tímabundið stöðvað efnisflutning úr austri. Undanfarin ár hefur verið í skoðun að byggja sandfangara frá Suðurfjörutanga út í Einholtskletta og hefur bygging hans nú verið boðin út. Talið er að slíkur garður sem teljast verður vægt inngrip í ferla Óssins geti hindrað eða a.m.k. dregið úr efnisskotum úr vestri inn á Grynnslin. ■

Þessi texti er stuttur útdráttur úr minnisblaði Sigurðar Sigurðarsonar dags. 15.03.2019

Niðurstöður útboða

Hornafjörður, garður út í Einholtskletta 20-026

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Hafnarsjóður Hornafjarðar óskaði eftir tilboðum í verkið „Hornafjörður, garður út í Einholtskletta.“

Byggja á sandfangara úr sprengdum kjarna og grjóti milli Einholtskletta og Suðurfjöru.

Heildarlengd garðs er um um 205 m.

Magn efnis er um 35.800 m³ af sprengdum kjarna og grjóti Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. september 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Ístak hf., Mosfellsbæ	298.986.083	150,4	120.346
--- Áætlaður verktakakostnaður	198.764.980	100,0	20.125
1 JG vélar, Reykjavík	178.639.850	89,9	0

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) Biskupstungnabraut – Hveragerði, 2. áfangi, Biskupstungnabraut – Gljúfurholtsá – Eftirlit (EES útboð) 20-004

Eftir lok tilboðsfrests, 24. mars. 2020, var fyrri opnun í eftirlit með breikkun Hringveggar milli Biskupstungnabrautar og Hveragerðis.

Lengd útboðskaflans er 7,1 km. Um er að ræða nýbyggingu Hringveggar að hluta og endurgerð núverandi Hringveggar að hluta, gerð nýrra vegamóta við Kirkjuferjuveg og Hvammsveg eystri, gerð hringtorgs við Biskupstungnabraut, nýbyggingu Ölfusveggar, breytingu Þórustaðavegar og Biskupstungnabrautar sem og gerð heimreiða. Hluti verksins er bygging fimm steyptra brúa og undirganga ásamt tveggja reiðganga úr stáli.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Síðari opnun var 31. mars 2020. Verðtilboð bjóðenda og hæfnismat (innan sviga) var eftirfarandi:

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	104.160.000	100,0	20.392
4 VSÓ ráðgjöf ehf., Reykjavík (87)	102.297.520	98,2	18.529
3 Verkís hf., Reykjavík (95)	98.795.925	94,9	15.028
2 Efla hf., Reykjavík (90)	96.308.189	92,5	12.540
1 Hnit verkfræðistofa hf., Reykjavík (93)	83.768.319	80,4	0

Yfirlagnir á Vestursvæði, malbik á Vestfjörðum 2020 20-011

Tilboð opnuð 15. apríl 2020. Yfirlagnir með malbiki á Vestfjörðum 2020.

Helstu magntölur:

Útlögn malbiks	31.000 m²
Hjólafaryflling og afrétting	1.350 m²
Fræsing	19.200 m²

Verki skal að fullu lokið 15. september 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	202.942.287	100,0	59.019
3 Finnur ehf. og Malbikun Norðurlands, Akureyri	159.032.600	78,4	15.109
2 Malbikunarstöð Akureyrar ehf., Akureyri	152.294.000	75,0	8.371
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	143.923.300	70,9	0

Sementsfestun og þurrfræsing

á Norðursvæði 2020 20-021

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði 2020.

Áætlaðar magntölur:

Festun með sementi	50.947 m²
Þurrfræsing og jöfnun	4.620 m²
Tvöföld klæðing	55.567 m²
Efra burðarlag afrétting	2.515 m³

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	149.068.000	104,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	142.501.547	100,0	-6.566

Viðhald malarvega á Suðursvæði 2020 – 2021. Þjónustustöð á Selfossi, vegheflun 20-009

Tilboð opnuð 24. mars 2020. Vegheflun á malarvegum á Suðursvæði, þjónustustöð í Selfossi.

Helstu magntölur á ári eru áætlaðar:

Vegheflun 600 km

Verki skal að fullu lokið 31. desember 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.270.000	100,0	1.260
2 Arnar Stefánsson, Rauðalæk	17.144.000	93,8	134
1 Snilldarverk ehf., Hellu	17.010.000	93,1	0

Hólmavík, endurbygging stálþils 2020 20-022

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Strandabyggð óskaði eftir tilboðum í verkið „Hólmavík, endurbygging stálþils 2020“.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Reka niður 41 tvöfalda stálþilspötur af gerð AZ 18-10/10.

Ganga frá stagbita og stögum.

Steypa 10 akkerissplötur.


Steypa um 51 m langan kantbita með pollum, kantré, stigum og þybbum.

Jarðvinna, fylla upp fyrir innan þil um 1,300 m³.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2020.


Framkvæmdir geta ekki hafist fyrr en 7. júní 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Og synir / Ofurtólið ehf., Reykjavík	77.159.950	184,4	34.694
3 Urð og grjót ehf.	61.973.370	148,1	19.507
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	52.929.450	126,5	10.463
1 Ísar ehf.	50.662.700	121,0	8.196
--- Áætlaður verktakakostnaður	41.854.400	100,0	-612



Djúpvegur (61) um Hattardal

Opnuð hafa verið tilboð í gerð nýs vegarkafli á Djúpvegi um Hattardal og byggingu nýrrar brúar á Hattardalsá. Djúpvegur verður af vegtegund C8, með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Leggja skal 7,8 m breiða klæðingu, þ.a. hvoru megin vegar verður 0,1 m breið malaröxl. Brú yfir Hattardalsá verður eftirspennt plötubrú í einu hafi, 17 m löngu. Heildarlengd brúar er 19 m. Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum (bríkum), breidd alls 10 m. Brúin er í planboga með 550 m rásradius, langhalli 0,0% og 4,0% þverhalla. Við brú yfir Hattardalsá gæti sjávarfalla. Brúin er grunduð í lausu efni á steypum staurum



Niðurstöður útboða

Djúpvegur (61) um Hattardal 20-017

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Nýbygging vegkafli ásamt smíði á nýrri brú á Djúpvegi (61-35) um Hattardal. Vegkafllinn er um 2,6 km langur og brúin 17 m löng.

Helstu magnþölur vegna vegagerðar eru:

Bergskerlingar	8.700 m ³
Fyllingar	49.130 m ³
Ræsalögn	177 m
Endarfrágangur ræsa	16 stk
Styrktarlag	9.100 m ³
Burðarlag	3.160 m ³
Tvöföld klæðing	15.503 m ²
Grjótvörn	4.850 m ³
Vegrið – uppsetning	960 m
Frágangur fláa	10.600 m ²


Helstu magnþölur í brúargerð eru:

Grjótvörn	435 m ³
Gröftur	70 m ³
Steyptr staurar, skurður	42 m ³
Mótafletir	787 m ²
Steypustyrktarjárn	40,6 tonn
Spenntr járnalögn	4,5 tonn
Steypa	421 m ³
Vegrið á brú	38 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Suðurverk ehf., Hafnarfirði	287.820.190	127,1	45.331
1 Tígur ehf., Súðavík	242.489.134	107,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	226.498.311	100,0	-15.991

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



► Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir við undirritun samnings og samkvæmt samþykktri verkáætlun. Horft er til þess að vinna verkið árin 2020 og 2021. Verktaki skal vera búinn að útbúa plan til niðurreksturs staura og akfæra fyllingu að planinu fyrir 1. júní 2020. Verkkaupi mun reka niður straurana og er gert ráð fyrir að það taki um viku. Verktaki skal ljúka brúargerð fyrir 15. ágúst 2020, þó með þeirri undantekningu að gerð slitlags á brúna skal lokið fyrir 15. september 2020. Verktaki skal tryggja að umferð geti ekið um nýjan veg og brú frá 1. október 2020 og þá a.m.k. á styrktarlagi sem hann undirbýr fyrir umferð um veturinn skv. kröfum verkkaupa. (Þessi texti byggir á útboðsgögnum.) ■

Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilisstaðavegur (að Litlatúni) – Lyngás

Endurbætur og undirgöng

(Texti er útdráttur úr útbodslýsingu)

Opnuð hafa verið tilboð í breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegjar við Vífilisstaðaveg og Lyngás ásamt undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk, breikkun og endurbætur á Vífilisstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegjar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunsholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi er fjölgað og beygjureinum breytt og

fjölgað. Tvöföld vinstri beygja verður af Hafnarfjarðarvegi inn á Vífilisstaðaveg til austurs, tvöföld vinstri beygja verður af Vífilisstaðavegi inn á Hafnarfjarðarveg bæði til norðurs og suðurs, tvöföld vinstri beygja verður af Lyngási inn á Hafnarfjarðarveg og hægri beygja af Lækjarfít í framhjállaupi. Undirgöngin verða gerð úr forsteyptum einingum og er miðað við að göngin verði unnin í tveimur áföngum þannig að halda megi umferð um Hafnarfjarðarveg á tveimur akreinum í hvora átt á framkvæmdartíma. Til framkvæmdarinnar telst


einnig gerð allra vega- og stíga sem nauðsynlegir eru til að ljúka framkvæmdinni endanlega ásamt gerð hljóðveggja með Hafnarfjarðarvegi og landmótun, og breytingar á lögnum veitustofnana. Verkið skal vinna á tveimur árum, árin 2020 og 2021


Verkhli 8.1 Vegagerð – Hafnarfjarðarvegur og Vífilisstaðavegur að Litlatúni

Verkið innifelur breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegjar við Vífilisstaðaveg og Lyngás ásamt fjölgun beygjureina. Gerð verður sérrein fyrir strætó með Hafnarfjarðarvegi að austanverðu frá Bitabæ norður fyrir gatnamótin við Vífilisstaðaveg. Hafnarfjarðarvegur verður


breikkaður um eina akrein til norðurs og er breikkunin mest að austanverðu. Gatnamótum Vífilisstaðavegar og Litlatúns verður breytt úr ljósastýrðum gatnamótum í hringtorg. Lega miðeyja breytist og gatnamótin við Vífilisstaðaveg og Lyngás víkka út.

Stígar meðfram Vífilisstaðavegi verða fjarlægðir og nýr stígur lagður sunnan Vífilisstaðavegar milli Ásgarðs og Litlatúns og síðan áfram niður að núverandi undirgöngum. Stígar vestan Hafnarfjarðarvegjar næst núverandi undirgöngum færast lítillaga til og nýir stígar koma út frá nýju undirgöngunum við Hraunsholtslæk til beggja átta. Lækjarfarvegi verður breytt lítillaga næst undirgöngunum. ▶





SNID BB Undirgöng undir Hafnarfjarðarveg, langsníð.



SNID CC Undirgöng undir Hafnarfjarðarveg, þversníð.

- Núverandi malbiksyfirborð verður fræst af vegunum og nýtt malbik lagt yfir allt svæðið nema þar sem núverandi malbik er talið mjög gott og hjólfaramyndanir litlar.
- Fjarlægja skal girðingu í miðdeili Hafnarfjarðarvegur og timburgirðingu austan hans sunnan við Bitabæ. Vegrið verður sett í miðdeili Hafnarfjarðarvegur og víðar. Endurnýja skal

alla hljóðveggi með Hafnarfjarðarvegi milli Vífilsstaðavegar og Lyngás. Nýir hljóðveggir verða lengri en núverandi veggir og hærrí.

Með Hafnarfjarðarvegi og víðar eru nokkur stór tré sem þarf að fjarlægja. Við gerð undirganga þarf að færa til og dýpka farveg Hraunholtslækjar.



Hafnarfjarðarvegur, gatnamót við Vífilsstaðaveg.

Verkluti 8.2 Undirgöng undir Hafnarfjarðarveg og stoðvegur við Litlatún

Í þessum verkluta eru gerð undirganga undir Hafnarfjarðarveg við Hraunholtslæk og skiptast í grófum dráttum í eftirfarandi verkþætti: Grafa skal fyrir undirgöngum, þar með fleygun og gróftur á bergi undir undirgöngunum. Fylla skal að göngum eftir að forsteyptum einingum hefur verið komið fyrir. Strengir veitustofnana eru í eystri kanti Vífilsstaðavegar þar sem undirgöngin koma. Á fyrria ári framkvæmdanna, árið 2020, skal verktaki grafa frá þeim og færa þá í samræði við eftirlitsmann og koma þeim þannig fyrir að þeir verði ekki fyrir skemmdum meðan á framkvæmdum við undirgöng stendur.

Verktaki skal koma læknum fyrir í ræsi, sem leggja skal um núverandi stökk undir Hafnarfjarðarveg. Núverandi stökk, sem lækurinn rennur um í dag, þarf að fjarlægja að hluta til þegar grafið verður fyrir undirgöngum og því þarf að koma læknum fyrir í ræsi til bráðabirgða meðan á framkvæmdum stendur og þar til honum verður veitt í nýju undirgöngin.

Bygging undirganga fyrir gangandi umferð undir Hafnarfjarðarveg ásamt rás fyrir Hraunholtslæk. Undirgöngin eru gerð úr forsteyptum einingum, sem verktaki gerir, tvær U-einingar, 2,1 m á lengd, þar sem önnur einingin myndar botn ganganna og hin þak. Heildarbreidd ganganna er 7,0 m og heildarlengd tæplega 34 m.

Steypa skal stoðveggi út frá undirgöngum og göngubrú neðan við undirgöngin.

Gert er ráð fyrir að undirgöngin verði gerð í tveimur áföngum og að Hafnarfjarðarvegur verði tvær akreinar í hvora átt á framhjálaupi á framkvæmdartíma.

Steypa skal göngubrú yfir Hraunholtslæk neðan undirganga. Einnig skal steypa undirstöður fyrir trébrú ofan undirganga og flytja núverandi trébrú, sem nú liggur yfir lækinn vestan Hafnarfjarðarvegur og koma fyrir á nýjum undirstöðum.

Steypa skal stoðveggi við undirgöng undir Vífilsstaðaveg við Litlatún þar sem hringtorgið kemur eftir að tröppur þar hafa verið fjarlægðar.

Steypa skal undirstöður fyrir hljóðveggi. Undirstöður þessar eru þannig gerðar að hagkvæmt getur verið að forsteypa þær og koma fyrir á frágengna fyllingu ■

Niðurstöður útboða

Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilsstaðavegur (að Litlatúni) – Lyngás 19-052

Tilboð opnuð 15. apríl 2020. Endurbætur Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar í Garðabæ. Verkið felst eftirtöldum verklutum: Sumarið 2020

- Gerð hringtorgs á Vífilsstaðaveg við Litlatún
- Breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Litlatúns og Hafnarfjarðarvegur
- Breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar
- Gerð göngustíga og allur frágangur yfirborðs
- Öll nauðsynleg lagnavinna fyrir veitufyrirtækin

Sumarið 2021

- Breikkun og endurbætur á Hafnarfjarðarvegi milli Vífilsstaðavegar og Lyngás
 - Gerð undirganga undir Hafnarfjarðarveg við Hraunholtslæk
 - Breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur og Lyngás
 - Gerð göngustíga og allur frágangur yfirborðs
 - Öll nauðsynleg lagnavinna fyrir veitufyrirtækin
- Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Garðabæjar og veitufyrirtækja.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð, Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegur að Litlatúni

Fyllingarefni og burðarlagefni	
úr námum	9.300 m ³
Stungumalbik	36.140 m ²
Eyjur með steinlögðu yfirborði	1.690 m ²
Malbikaðir göngustígar	2.500 m ²

Undirgöng undir Hafnarfjarðarveg og stoðvegur við Litlatún


Fylling við steipt mannvirki	3.500 m ³
Forsteyptar einingar	32 stk.
Járnalögn, slakbending	22.900 kg
Steypa	280 m ³

Veitufyrirtæki, jarðvinna fyrir sameiginlega skurði

Skurðir fyrir veitulagnir	3.270 m
Losun á klöpp í skurðum	50 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. október 2021.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Grafa og grjót ehf., Hafnarfirði	1.036.545.580	134,6	161.325
3	Ístak hf., Mosfellsbæ	972.108.245	126,2	96.888
2	Háfell ehf., Reykjavík	938.515.016	121,9	63.295
1	PK-verk ehf. og PK byggingar ehf., Hafnarfirði	875.220.118	113,7	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	770.000.000	100,0	-105.220




Flatey á Breiðafirði, ferjubryggja og sjóvörn

Reykholahreppur og Vegagerðin hafa boðið út stækkun tréferjubryggju í Flatey á Breiðafirði og byggingu á steyptri sjóvörn við gamla þorpið. Helstu verkþættir eru:

- Reka niður 9 Basalocus harðviðarstaura.
- Taka niður þybbur og þybbuklæðningu.
- Koma fyrir bita og undirstöðum tengingar við núverandi bryggju.
- Bolta á staura burðarviði bryggju, tangir og stífur úr azobe harðvið.
- Klæða dekk, framhlið og hliðar bryggju með azobe harðvið og koma fyrir kanttré og þybbum.
- Viðgerðir á bryggjunni, endunýja tangir, landbönd og skástífur.
- Slá upp mótum, járnbinda og steypa um 30 m langa sjóvörn. ■



Niðurstöður útboða



Ferjubryggja

Flatey á Breiðafirði, stækkun á ferjubryggju og steyptr sjóvörn 2020 20-037

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Reykholahreppur og Vegagerðin óskuðu eftir tilboðum í neðangreint verk. Stækkun á ferjubryggju og steyptr sjóvörn 2020.

Helstu magnþölur:

Stækkun ferjubryggju, um 45 m², staurarekstur, bygging burðarvirkis og klæðning.

Viðgerð á ferjubryggju, endurnýja skemmda hluta á bryggjunni.

Steypa um 30 m langa sjóvörn.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Ístak hf., Mosfellsbæ	74.131.116	206,7	29.391
1	Bryggjuverk ehf., Keflavík	44.740.000	124,7	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	35.863.900	100,0	-8.876

Flýttiframkvæmdir Vegagerðarinnar

Þingsályktun um tímabundið fjárfestingaráttak var samþykkt á Alþingi 30. mars 2020. Heildarfjárheimild til átaksins er alls 17.936 m.kr. sem skiptist á nokkra verkefnaflokka. Til samgöngumannvirkja á að verja 6.506 m.kr. og af því fara 5.660 m.kr. króna í verkefni hjá Vegagerðinni.

Fjárveitingar til flýttiverkefna innan Vegagerðarinnar

- Hafnarframkvæmdir: 750 m.kr.
- Breikkun brúa: 700 m.kr.
- Hringtorg: 200 m.kr.
- Vegaframkvæmdir og hönnun: 1.860 m.kr.
- Framkvæmdir við tengivegi: 1.000 m.kr.
- Viðhald vega: 1.000 m.kr.
- Óveðurstengd verkefni: 150 m.kr.

Lögð er áhersla á að nýta þessa fjárveitingu árið 2020. Ef ekki tekst að hefja skilgreind verkefni fyrir 1. september í ár á að færa framlög til annarra verkefna innan sama verkefnaflokks. Þá verða framlög færð til annarra verkefnaflokka ef ljóst er að ekki takist að nýta þau innan einstaks verkefnaflokks fyrir 1. apríl 2021. Til að framfylgja þessu verður fylgst náið með tímaáætlunum og áætluðum kostnaði.

Fjárveitingarnar eru til hönnunar og undirbúnings og/eða framkvæmda.

Verkefni sem fá fjárveitingu til vegaframkvæmda og hönnunar (1.860 m.kr)

- Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun (hönnun og mat á umhverfisáhrifum, framkvæmd 2021-2022), 110 m.kr.
- Reykjanesbraut, Fjarðarhraun – Mjódd (hönnun), 30 m.kr.
- Breiðholtsbraut, Hringvegur – Jaðarsel (hönnun), 30 m.kr.
- Hringvegur, Fossvellir – Hólmsá (hönnun, framkvæmd 2021-2022), 110 m.kr.
- Hringvegur, Bæjarháls – Vesturlandsvegur (framkvæmd), 650 m.kr.
- Hringvegur, Skarhólabraut – Hafravatsvegur (framkvæmd), 350 m.kr.
- Hringvegur um Heiðarsporð (framkvæmd), 350 m.kr.
- Snæfellsnesvegur um Skógarströnd (framkvæmd 2020 og hönnun og framkvæmd 2021), 100 m.kr.
- Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá (hönnun, framkvæmd 2020-2022), 100 m.kr.
- Borgarfjarðarvegur, Eiðar – Laufás (hönnun, framkvæmd 2021-2022), 30 m.kr.

Breikkun brúa (700 m.kr.)

- Norðausturvegur um Köldukvíslargil, 65 m.kr.
- Skrið- og Breiðdalsvegur um Gilsá á Völlum, 15 m.kr.
- Bildudalsvegur um Botnsá, 280 m.kr.
- Vestfjarðavegur um Bjarnadalsá, 250 m.kr.
- Hringvegur um Núpsvötn, 20 m.kr.
- Skeiða- og Hrunamannavegur um Stóru-Laxá, 30 m.kr.
- Hringvegur um Skjálfafljót, 50 m.kr.

Hringtorg (200 m.kr)

- Hringvegur, hringtorg við Landvegamót, 180 m.kr.
- Eyrarbyggjavegur, hringtorg við Víkurheiði/Bjarkaland, 10 m.kr.
- Skeiða- og Hrunamannavegur, hringtorg á Flúðum, 10 m.kr.

Hafnarframkvæmdir (750 m.kr)

- Dýpkun í Sandgerði, 7 m.kr.
- Dýpkun við Ólafsvík, 63 m.kr.
- Dýpkun við Þorlákshöfn, 34 m.kr.
- Dýpkun við Þórshöfn, 22 m.kr.
- Dýpkun við Súðavík, 92 m.kr.
- Grjótverkefni, Bakkafjörður, 41 m.kr.
- Grjótverkefni, Njarðvík, 34 m.kr.
- Grjótverkefni, Keflavík, 29 m.kr.
- Grjótverkefni, Sauðárkrúkur, 24 m.kr.
- Grjótverkefni, óráðstafað, 96 m.kr.
- Landfylling, Bildudal, 77 m.kr.
- Stálþil á Djúpavogi, 61 m.kr.
- Sjóvarmir, ýmsir staðir vegna tjóns í óveðri, 100 m.kr.
- Hafna- og strandrannsóknir í höfnum, 70 m.kr.

Framkvæmdir við tengivegi – bundið slitlag (1.000 m.kr.)

Gert er ráð fyrir 1.000 m.kr. viðbótarfjárveitingu til tengivega árið 2020. Alls er framkvæmdaáætlun tengivega fyrir árið 2020 því 1.950 m.kr. Gert er ráð fyrir 1.500 m.kr. viðbót fyrir árið 2021.

Skipting fjárveitingar eftir svæðum árin 2020 til 2024

Svæði	Hlutfall	2020	2021	2022	2023	2024
Suðursvæði	23,28%	454	582	230	223	290
Vestursvæði	27,88%	544	697	276	267	347
Norðursvæði	39,42%	769	986	390	377	490
Austursvæði	9,43%	184	236	93	90	117
Samtals	100 %	1.950	2.500	989	956	1.244

Viðhald vega (1.000 m.kr.)

Gert er ráð fyrir 1.000 m.kr. viðbótarfjárveitingu til viðhalds árið 2020.

- Viðhald bundinna slitlaga, 600 m.kr.
- Viðhald malarvega, 100 m.kr.
- Styrkingar og endurbætur, 150 m.kr.
- Umferðaröryggi, 150 m.kr.

Óveðurstengd verkefni (150 m.kr.)

- Hafnadeild, upplýsingakerfi um veður og sjólag, 20 m.kr.
- Hafnadeild, endurnýjun ölduduflla, 40 m.kr.
- Hafnadeild, sjávarhæðamælingar, 40 m.kr.
- Þjónustusvið, upplýsingagátt vega, 20 m.kr.
- Þjónustusvið, færanleg lokunarhlíð, 50 m.kr. ■



Hringvegur, Skarhólabraut – Hafravatsvegur. Breikkun er nú í útboðsferli.



Norðfjarðargöng, kantlýsing sambærileg við lýsingu sem sett verður í Hvalfjarðargöng.

Hvalfjarðargöng (1), kantlýsing

Opnuð hafa verið tilboð í útvegum og uppsetningu kantljósa í Hvalfjarðargöng en um er að ræða sambærileg kantljós og sett voru upp í Múlagöngum, Norðfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum. Kantljósin koma til með að leysa af hólmi allar endurskinsstíkur í Hvalfjarðargöngum ásamt að marka betur veglínuna fyrir vegfarendur. Kantljósin eru tengd inn á varaafli og virka því sem ratlýsing/leiðarlýsing í neyðartilfellum. Í Hvalfjarðargöngum verður kantljósunum komið fyrir ofan á steyptri vegöxl rétt fyrir ofan kantsteininn, það er ca. 20-25 cm frá frambrún kantsteins. Í Norðfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum er lagnaleiðin fyrir kantljósin í gegnum rör sem liggur undir steyptri vegöxlinni á milli kantljósanna. Í Hvalfjarðargöngum þarf því að kjarnabora fyrir öllum kantljósum og fræsa/saga rauf fyrir streng eftir endilöngum göngunum. Fræsivélin þarf að

geta fræst/sagað rauf allt eftir kröfum og þörfum viðkomandi framleiðanda kantljósa. Eftir fræsing þarf að skola og þrifa og að endingu þarf að blása lofti til að hreinsa raufina fyrir kapalinn og holuna fyrir kantljósið.

Í Hvalfjarðargöngum eru steypar vegaxlir (gangstétt) og kantsteinn. Gera má ráð fyrir að steypa vegöxlin sé misþykk en sé allt að 80 mm þykk. Í vegöxlinni eru 70 cm háar vegstíkur eftir endilöngum göngum á báðar hendur. Þessar stíkur eru ca. 35 til 40 cm frá kantsteini. Í öllum beygjum eru K20.11 skilti á röri sem er ca. 100 cm á hæð. Þessi rör eru ca. 30 cm frá kantsteini. Verktaki þarf að taka tillit til þessara stíka og skilta þegar verið er að fræsa/saga fyrir streng því þessar merkingar eiga að vera uppi þar til að kantljósin verða tekin í notkun en K20.11 skiltin verða ekki fjarlægð að verki loknu. Einnig eru niðurföll og brunnar sem ganga allt að 50 cm



Hvalfjarðargöng, kantlýsing verður sett í staðinn fyrir vegstíkur með endurskini..

inn í vegöxlina (gangstéttina) frá kantsteini á nokkrum stöðum eftir endilöngum göngunum. Verktaki þarf því að fara fram hjá þessum niðurföllum og brunnum með allt að 60-70 cm radius frá kantsteini.

Koma þarf fyrir spennugjöfum í tæknirýmum fyrir kantlýsinguna og tengja þá inn á varaafldsreifiskápa sem þar eru. Leggja þarf rafstrengi frá tæknirýmum í sagaða rauf, tengja kantljós og loka og þétta ofan á streng og kringum kantljós. Öll vinna við kantljós í Hvalfjarðargöngum, það er úti í göngunum verður unnin að næturlagi eða á tímabilinu frá 22:00 til klukkan 06:00 næsta morgunn, þ.e.a.s. ca. 8 tímar á sólarhring. Vertaki þarf því að taka tillit til þessa skerta vinnutíma jafnframt að vinnan fer nær öll fram að næturlagi. Í tæknirýmum og raunar í útskotum er hægt að vinna á öðrum tíma. Ekki er talin þörf á að loka göngunum vegna þessarar vinnu, en umtalsverðar merkingar eru nauðsynlegar.

Texti unninn upp úr útbodsgögnun ■

Niðurstöður útboða

Hvalfjarðargöng (1), kantlýsing 20-016

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Gerð kantlýsingar í Hvalfjarðargöng. Verkið felur í sér að útvega og setja upp kantljós í Hvalfjarðargöngum ásamt öllum búnaði sem þarf. Kantljósin skulu vera LED ljós sem samanstanda af hvítum ljósdíóðum sem lýsa í sitt hvora áttina. Díóður skulu vera hvítar á lit og aflnotkun hvers ljós skal ekki vera meira en 2 W. Ljósstyrkleikinn skal vera yfir 25 cd. Sýnileiki ljósanna skal vera yfir 1.000 m.

Kantljósunum er komið fyrir með 25 m millibili ofan á steyptri vegöxl rétt fyrir ofan kantsteininn, það er ca. 20-25 cm frá frambrún kantsteins. Fræsa þarf rauf í steypa öxlina fyrir rafstreng til að fæða ljósin. Spennugjöfum fyrir lýsinguna er komið fyrir í 4 tæknirýmum. Vinna þarf verkið á nóttunni og göngunum verður ekki lokað fyrir umferð á meðan á því stendur.

Helstu magnbólur verksins eru:

Kantljós	506 stk.
Fræsing/sögun fyrir streng	11,5 km
Kjarnaborun fyrir kantljós	500 stk.

Verkið skal vinna á staðnum haustið 2020 frá 1. september til 1. nóvember og skal lokið að fullu 1. nóvember 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
9 Rafmenn ehf., Akureyri	182.718.364	266,0	130.795
8 Hellur og lagnir ehf., Hafnarfirði	98.807.000	143,8	46.883
7 Vogir og lagnir ehf., Akranesi	89.228.147	129,9	37.305
6 Berg verktakar, Reykjavík	81.191.882	118,2	29.268
5 Rafeyri ehf., Akureyri	80.432.386	117,1	28.509
4 Rafal ehf., Hafnarfirði	71.141.914	103,5	19.218
3 Rafmiðlun hf., Kópavogi	69.571.298	101,3	17.648
--- Áætlaður verktakakostnaður	68.703.000	100,0	16.779
2 Bergraf ehf., Reykjanesbæ	63.745.217	92,8	11.822
1 Orkuvirki ehf., Reykjavík	51.923.521	75,6	0

Hamarsvegur (308), Félagslundur – Hamarshjáleiga 20-025

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Útakstur styrktarlags, burðarlags og útlögn klæðingar á Hamarsveg (308-01) frá Félagslundu að Hamarshjáleigu.

Helstu magnbólur eru:

Styrktarlag 0/90	2.000 m ³
Burðarlag 0/22	3.800 m ³
Tvöföld klæðing	30.000 m ²

Verklök eru 1. ágúst 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	90.700.000	100,0	21.860
3 Vörubifreiðastjórafélagið Mjólnir, Selfossi	77.850.000	85,8	9.010
2 Verk og tæki ehf., Selfossi	72.506.600	79,9	3.667
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	68.840.000	75,9	0

Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2020-2022, Vestursvæði 20-028

Tilboð opnuð 21. apríl 2020. Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Vestursvæði árin 2020-2021.

Helstu magnbólur eru áætlaðar á ári:

Viðgerð með fræsun	1.240 m ²
Sprunguviðgerðir	1.350 m
Malbikssögun	150 m

Verktími er ár hvert frá 1. maí til 1. október hvort ár.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	38.072.000	156,4	9.075
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	28.997.500	119,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	24.341.000	100,0	-4.657

Efnisvinnsla á Suðursvæði 2020, Steigaraurar 20-020

Tilboð opnuð 7. apríl 2020. Malarvinnsla á Suðursvæði, Steigaraurar, (burðarlag (0/22) 10.000 m³).

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Bjartur ehf., Kópavogi	32.807.400	121,5	11.807
5 Neseý ehf., Árnesi	30.700.000	113,7	9.700
--- Áætlaður verktakakostnaður	27.000.000	100,0	6.000
4 Suðurtak ehf., Brjánsstöðum	27.000.000	100,0	6.000
3 Hólaskarð ehf., Reykjavík	25.000.000	92,6	4.000
2 Þjótandi ehf., Hellu	23.800.000	88,1	2.800
1 Fossvélar ehf., Selfossi	21.000.000	77,8	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Utboodsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
20-049 Hringvegur (1), hringtorg við Landvegamtót	2020
20-048 Hringvegur (1) um Vík hringtorg og endurbætur	2020
20-047 Aðkomuvegur að gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs	2020
20-046 Hringvegur (1) um Jökulsá á Sólheimasandi	2020
20-045 Bíldudalsvegur (63) um Botnsá	2020
20-044 Suðurlandsvegur tvöföldun, Vesturlandsvegur - Bæjarháls, eftirlit	2020
20-043 Reykjanesbraut 841), Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun, hönnun	2020
20-042 Hringvegur (1), Fossvellir - Hólmsá, hönnun	2020
20-033 Akranesvegur(509): Faxabraut, hækkun vegar og rofvoörn, eftirlit	2020
20-034 Álftaneshreppsvegur (533), Snæfellsnesvegur - Smiðjuhöll	2020
20-035 Snæfellsnesvegur (54), Ketilsstaðir - Dunkárbakki	2020
20-032 Hringvegur (1), umferðarstýring Borgarnesi	2020
20-030 Hvítársíðuvegur (523), Kalmanstunga – Kaldadalsvegur	2020
20-031 Hringvegur (1) um Heiðarsporð (Biskupsbeygja)	2020
20-036 Örylgshafnarvegur (612) um Hvallátur	2020
20-029 Yfirlagnir á Vestursvæði, malbik	2020
20-024 Sementsfestun og þurrfræsing á Austursvæði	2020

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
20-014 Hjólaraufyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði		2020
19-016 Dalvíkurbyggð - sjóvarnir 2019		2020
19-006 Skeiða- og Hrunamannvegur (30), Einholtsgöngur – Biskupstungnabraut		2020
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
20-041 Vorsabæjarvegur (324) og Gnúpverjavegur (325)	20.04.20	05.05.20
20-027 Atvikamyndavélakerfi í jarðgöng	06.04.20	05.05.20
19-093 Akranesvegur (509), Faxabraut	08.04.20	05.05.20
19-053 Hringvegur (1), Skarhólabraut – Langitangi	08.04.20	05.05.20
20-040 Grafningsvegur neðri (350), Hlíðará – Grafningsvegur efri	08.04.20	28.04.20
20-039 Eyrarbakkevegur (34), hringtorg og undirgöngur við Suðurhóla	07.04.20	28.04.20
19-012 Mófellsstaðavegur (507), Borgarfjarðarbraut – Hreppslaug	13.04.20	28.04.20
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
20-016 Hvalfjarðargöng (1), kantlýsing	23.03.20	21.04.20
20-012 Yfirlagnir á Norður- og Austursvæði 2020-2021, malbik	06.04.20	21.04.20
20-037 Flatey á Breiðafirði: Stækkun á ferjubryggju og steypst sjóvoörn 2020	06.04.20	21.04.20
20-038 Hringvegur (1), varnargarður við Víkurklett	06.04.20	21.04.20
20-028 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2020-2021, Vestursvæði	06.04.20	21.04.20
20-026 Hornafjörður, garður út í Einholtskletta	30.03.20	21.04.20



Reykjanesbraut 841), Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun. Hönnun tvöföldunar er á lista yfir fyrirhuguð útboð.

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
20-023 Suðurlandsvegur tvöföldun, Vesturlandsvegur – Bæjarháls	30.03.20	21.04.20
20-025 Hamarsvegur (308), Félagslundur – Hamarshjáleiga	30.03.20	21.04.20
19-052 Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilstaðavegur – Lyngás	09.03.20	15.04.20
20-011 Yfirlagnir á Vestursvæði 2020-2021, malbik	30.03.20	15.04.20
20-015 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2020-2021, blettanir	30.03.20	15.04.20
19-108 Efnisvinnsla á Norðursvæði austurhluti 2020	11.03.20	14.04.20
20-020 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2020, Steigaraurar	23.03.20	07.04.20
20-022 Hólmavík endurbygging stálþils 2020	23.03.20	07.04.20
20-018 Vestmannaeyjar, Básaskersbryggja, uppsetning á fenderum	20.03.20	07.04.20
20-019 Meðalfellsvegur (46), Brekkur – Möðruvellir	23.03.20	07.04.20
20-017 Djúpvvegur (61) um Hattardal	23.03.20	07.04.20
20-021 Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði	23.03.20	07.04.20
20-009 Viðhald malarvega Suðursvæði 2020 - 2021. Þjónustustöð á Selfossi, vegheflun	09.03.20	24.03.20
20-010 Viðhald malarvega Suðursvæði 2020 - 2021. Þjónustustöð í Vík, vegheflun	09.03.20	24.03.20
20-008 Viðhald malarvega Suðursvæði 2020 - 2021. Þjónustustöð í Hafnarfirði, vegheflun	09.03.20	24.03.20
20-013 Hjólaraufyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði 2020	16.03.20	31.03.20
20-004 Hringvegur (1) Biskupstungnabraut – Hveragerði 2. áfangi, Biskupstungnabraut – Gljúfurholtsá, eftirlit	06.02.20	10.03.20
20-006 Leiðigarður og bakkavörn í Jökulsá í Lóni	17.02.20	03.03.20

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
19-107 Efnisvinnsla á Norðursvæði vesturhluti 2020	24.01.20	03.03.20
19-102 Yfirlagnir á Norðursvæði 2020-2021, klæðing	15.01.20	18.02.20
20-005 Akureyri og Dalvík, dýpkun 2020	27.01.20	11.02.20
19-101 Yfirlagnir á Vestursvæði 2020-2021, klæðing (EES útboð)	23.12.19	28.01.20
19-118 Brú yfir Fossvog	15.11.19	20.12.19
19-119 Suðureyrahöfn, endurbygging Vesturkants 2019	18.11.19	03.12.19
19-084 Endurbætur innanhúss, Búðareyri 11-13 Reyðarfirði	26.08.19	17.09.19
19-042 Efnisvinnsla á Vestursvæði, Fossamelar 2019	11.03.19	26.03.19
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
19-129 Hringvegur (1) Biskupstungnabraut – Hveragerði 2. áfangi, Biskupstungnabraut – Gljúfurholtsá Íslenskir aðalverktakar hf. kt. 660169-2379	03.03.20	08.04.20
19-096 Yfirlagnir á Suðursvæði höfuðborgarsvæðið 2020-2021, malbik (EES útboð) Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499	28.01.20	11.03.20
19-126 Yfirlagnir á Suðursvæði, Reykjanes 2020-2021, malbik (EES útboð) Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499	28.01.20	11.03.20
19-095 Yfirlagnir á Suðursvæði, Suðurland 2020-2021, malbik (EES útboð) Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499	28.01.20	11.03.20
20-003 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2020-2022, Reykjanes Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459	03.03.20	26.03.20
20-002 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2020-2022, höfuðborgarsvæðið Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459	03.03.20	26.03.20
19-097 Yfirlagnir á Suðursvæði 2020-2021, repave, fræsing og yfirlögn Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459	17.03.20	07.04.20



Skrifað í undir verksamning vegna annars áfanga breikkunar Suðurlandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss 8. apríl sl. Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sigurður R. Ragnarsson forstjóri Íslenskra aðalverktaka hf. Fjölmíðlafólk fylgist með.



Hólmsá í Skaftártungu. Í 9. tölublaði Framkvæmdafréttu 2018, nr. 688, birtist grein þar sem Baldur Þór Þorvaldsson rakti sögu brúa á þessum stað og er hér engu við þá frásögn að bæta. Blaðið er auðfundid á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, undir Framkvæmdir og Framkvæmdafréttir. Þar birtist svart/hvít mynd af brúnni sem byggð var 1919-1920 en síðar kom í ljós að við áttum þessa skammtilegu litmynd sem kemur úr safni Helga Hallgrímssonar og hefur hún verið tekin skömu áður en núverandi brú var byggð 1963. Þessi vegur var hluti af Hringvegi (1) allt til ársins 1993 þegar brú var byggð á Kúðafljóti. Nú heitir þessi vegur Hrifunesvegur (209). Yngri myndin var tekin í september 2019.